

UMSÖGN HAFNARFJARÐARBÆJAR UM SAMGÖNGUÁÆTLUN 2011-2014

Mál nr. 393. Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi.

Hafnarfjarðarbæ hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunarum samgönguáætlun 2011-2014, mál nr. 392. Umsagnarfrestur er til 29. febrúar 2012. Hér fer á eftir umsögn Hafnarfjarðarbæjar um tillöguna, tekin saman af Helgu Stefánsdóttur verkfræðingi á Umhverfis- og framkvæmdasviði og dr. Bjarka Jóhannessyni, sviðsstjóra Skipulags- og byggingarsviðs og skipulags- og byggingarfulltrúa. Samþykkt á fundi Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar 21.02.2012, fundi Umhverfis- og framkvæmdaráðs 22.02.2012 og fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 29.02.2012. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að koma með ábendingar/athugasemdir á seinni stigum.

Hafnarfjarðarbær leggur til að eftirfarandi aðkallandi verkefni fari inn á samgönguáætlun 2011-2014:

1. Strandgata milli Lækjargötu og Fornubúðar – endurgerð götu og ný húsagata
2. Fjarðarhraun frá Flatahrauni að Engidal – endurgerð götu, breytingar á tengingum
3. Krýsuvíkurvegur - gerð hringtorgs við Hellnahraun II og Velli
4. Kaldárselsvegur milli Ofanbyggðarvegur og Reykjanesbrautar – endurgerð vegar

Jafnframt leggur Hafnarfjarðarbær áherslu á að lokið verði við tvöföldun Reykjanesbrautar milli Kaldárselsvegur og Krýsuvíkurvegar. Huga má að áfangaskiptingu ef slíkt flýtir fyrir framgangi verkefnisins, og er einkum mikilvægt að flýta fyrsta áfanga verksins, kaflann milli Strandgötu og Krýsuvíkurvegar með mislægum gatnamótum við Krýsuvíkurveg. Huga þarf að kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélagsins í því sambandi.

Þá vill Hafnarfjarðarbær ítreka mikilvægi þess að Ofanbyggðarvegur í Hafnarfirði fari inn á vegaskrá þar sem ljóst er vegurinn gegnir mikilvægu hlutverki í vegtengingum á höfuðborgarsvæðinu. Reykjanesbraut mun ekki anna allri umferðinni sem skapast hér á suðursvæðunum í framtíðinni.

Stjórn Hafnarfjarðarhafnar samþykkti á fundi 22.02.2012 að taka undir umsögn Hafnasambands Íslands.

29.02.2012

Bjarki Jóhannesson

Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi